



# FRÉTTABRÉF FÉLAGS UM INNRI ENDURSKOÐUN

MAÍ 2012

## Í ÞESSU FRÉTTABRÉFI:

## AÐALFUNDUR FÉLAGS UM INNRI ENDURSKOÐUN

### AÐALFUNDUR FIE 1

Aðalfundur Félags um innri endurskoðun verður haldinn **fimmtudaginn 24. maí kl. 15:00.**

### FRÆÐSLUSTARF FIE 1

### INNRI ENDURSKOÐUNAR- DAGURINN 2012 2

Fundurinn verður haldinn á **Grand hótél Reykjavík.**

### MÁLSTOFA UM INNRI ENDUR- SKOÐUN 4

Dagskrá samkvæmt samþykktum félagsins:

### PISTILL STJÓRNAR 9

1. Skýrsla um störf félagsins á liðnu ári
2. Reikningar félagsins lagðir fram til samþykktar
3. Breytingar á samþykktum –

- engar tillögur lagðar fram
4. Kosning stjórnar
5. Kosning formanna nefnda
6. Kosning endurskoðanda annað hvert ár
7. Ákvörðun félagsgjalds
8. Önnur mál

Stjórn félagsins hvetur alla félagsmenn til að mæta á fundinn og taka virkan þátt í störfum félagsins.

Á fundinum verður jafnframt leitað eftir áhugasömum

aðilum til að taka þátt í nefndarstörfum og vera leiðandi í störfum sérfræðihópa.

Boðið verður upp á léttar veitingar í lok fundar.

*Stjórn félags um innri endurskoðun*

## FRÆÐSLUSTARF FIE

### INNRI ENDURSKOÐUN Á TÍMAMÓTUM

Þann 1. mars sl. stóð Opni háskólinn í HR fyrir námskeiði í innri endurskoðun í samstarfi við FIE.

Á námskeiðinu var farið yfir skilgreiningu á innri endurskoðun og þróun fagsins undanfarin ár. Farið var yfir hvernig alþjóðastaðlar innri endurskoðenda nýtast við uppbyggingu innri endurskoðunardeilda og helstu viðgangsefni. Markmið námskeiðsins var að veita þátttakendum innsýn inn í störf innri endurskoðenda og starfsemi innri endurskoðunardeilda og þau atriði sem skipta

máli við að byggja upp innri endurskoðun innan fyrirtækis eða stofnunar. Leiðbeinendur á námskeiðinu voru Anna Margrét Jóhannesdóttir, stjórn-sýslufræðingur, faggiltur innri endurskoðandi (CIA), verkefna-stjóri innri endurskoðunar Reykjavíkurborgar og formaður stjórnar FIE og Nanna Huld Aradóttir viðskiptafræðingur, faggiltur innri endurskoðandi (CIA) og nú innri endurskoðandi Seðlabanka Íslands.

### GERÐ ÁHÆTTU- GREINDRAR ENDUR- SKOÐUNARÁÆTLUNAR

Á fræðslufundi FIE þann 22. febrúar sl. fjallaði Guðjón Viðar Valdimarsson CIA, CFSA, CISA

um praktísk atriði varðandi gerð áhættugreindrar endurskoðunaráætlunar og hvaða atriði þurfa að liggja fyrir, hvert hlutverk innri endurskoðunar og stjórnenda sé við gerð áhættumats og greiningu áhættuþátta. Einnig fjallaði Guðjón um hvaða tól og tæki innri endurskoðun beitir í yfirferð á greiningu áhættuþátta með stjórnendum og hlutverk stjórnar og framsetning áhættumats til stjórnar. Einnig setti Guðjón fram einfalt módel í Excel og Access til þess að sýna að viðhald og uppsetning áhættuskrár þarf ekki að byggja á dýrum hugbúnaði.

## INNRI ENDURSKOÐUNARDAGURINN 2012

Innri endurskoðunardagurinn var haldinn þann 23. mars síðastliðinn á Hilton Reykjavík Nordica og tókst hann vel í alla staði.

Þátttaka var með besta mótí en alls mættu yfir 80 manns á ráðstefnuna. Fjórir fyrirlesarar héldu erindi á ráðstefnunni en henni stýrði Ragna Árnadóttir aðstoðarforstjóri Landsvirkjunar.




Gestir á innri endurskoðunardeginum

## ERINDI FLEMMING RUUD

Ráðstefnan var sett af Önnu Margræti Jóhannesdóttur formanni félags um innri endurskoðun og í kjölfar þess tók til máls Dr.

Flemming Ruud prófessor í innra eftirliti og innri endurskoðun við Háskólann í St. Gallen í Sviss og fjallaði hann um helstu strauma og stefnur í innri endurskoðun. Í upphafi erindi síns fjallaði Flemming um hvernig undir málslán hefðu stig af stigi orsakað allsherjar efnahagskreppu og það þrátt fyrir að alþjóðlegir staðlar og reglur hefðu aldrei verið eins yfirgripsmiklar og einmitt þá.

Varðandi þróun innri endurskoðunar taldi Flemming að áherslan í dag og í næstu framtíð yrði á áhættu og áhættustýringu auk stjórnarháttá. Innri endurskoðun ætti að aðstoða stjórn og stjórnendur við að viðhalda áhrifum sínum, en ætti ekki að koma sjálf að stjórn. Innri endurskoðun væri í eðli sínu



Dr. Flemming Ruud prófessor við Háskólann í St. Gallen

í þriðju varnarlínu þar sem framkvæmdarstjórn og innra eftirlit tilheyrðu fyrstu varnarlínu og áhættustýring, regluvarsla og fleira tilheyrðu annarri varnarlínu.

Flemming fjallaði einnig um niðurstöður alþjóðlegrar könnunar meðal innri endurskoðenda frá árinu 2010. Þar kom m.a. fram að helstu hlutverk innri endurskoðunar að mati innri endurskoðenda eru endurskoðun rekstrarþátta (e. Operational audit) og athugun á fylgni við lög og reglur. Þegar spurt var hver yrðu helstu hlutverk innri endurskoðunar eftir 5 ár

nefndu flestir skoðun á stjórnarháttum og skoðun á ferlum í áhættustjórnun (e. ERM - Enterprise Risk Management).

Að mati Flemmings ætti innri endurskoðun ekki að reyna gera allt fyrir alla heldur einblína á lykilhutverk innri endurskoðunar þar sem sérþekking innri endurskoðanda nýtist best.

Flemming fjallaði einnig um breytingar á COSO sem birtar voru í desember 2011 og leiðbeiningarbækling sem Basel nefndin um banka- eftirlit hefur birt um innri endurskoðunardeildir fjármálastofnanna.

Alls tóku yfir 80 manns þátt í innri endurskoðunardeginum í ár

Að mati Flemmings ætti innri endurskoðun ekki að reyna að gera allt fyrir alla heldur einblína á lykilhutverk innri endurskoðunar

## FRAMHALD INNRI ENDURSKOÐUNARDAGURINN

Að erindi loknu svaraði Flemming spurningum ráðstefnugesta.

### SAMFÉLAGSLEG ÁBYRGÐ FYRIR- TÆKJA

Næst fjallaði Regína Ástvaldsdóttir, framkvæmdarstjóri Festu, miðstöðvar um samfélagslega ábyrgð fyrirtækja um stöðuna í þeim málum á Íslandi. Markmið Festu eru að safna saman hagnýtri þekkingu um samfélagsábyrgð fyrirtækja og byggja upp tengslanet fyrirtækja sem hafa áhuga á að innleiða stefnu um samfélagsábyrgð. Auk þess vill Festa stuðla að umræðu um hugtakið samfélagsleg ábyrgð og hvetja til rannsóknar á því sviði. Með samfélagslegri ábyrgð fyrirtækja er átt við að fyrirtæki leggja sitt til uppbyggingar samfélagsins að eigin frumkvæði. Í umfjöllun Regínu kom fram að átta íslensk fyrirtæki hafa skrifað undir Global Compact sáttmála Sameinuðu Þjóðanna um samfélagslega ábyrgð.

Nánar má fræðast um Festu á heimasíðu miðstöðvarinnar á <http://festasamfelagsabyrgd.is/>

### TILLÖGUR ESB UM LÖGBODNA ENDUR- SKOÐUN

Sigurður B. Arnþórsson framkvæmdarstjóri FLE fjallaði um tillögur ESB um lögboðna endurskoðun í tengslum við endurskoðun og eftirlitsþætti. Sigurður sagði endurskoðendur nú



### Gestir á innri endurskoðunardeginum

standa frammi fyrir umbreytingartímum og hóf umfjöllun sína um aðdragandann að tillögum ESB sem hófst með svokallaðri „Green Paper“ skýrslu þar sem reynt var að svara því hvaða lærdóm ytri endurskoðun mætti draga af efnahagskreppunni. Meginatriði tillagna ESB eru í formi lagasetningar og snúa m.a. að þjónustu tengdri endurskoðun, skyldu til útskiptingar endurskoðunarfyrirtækja og útboðsskyldu. Ljóst er að tillögur ESB eiga eftir að fá frekari umfjöllun og breytinga því ekki að vænta fyrr en að 3-5 árum liðnum.

### „Á RÉTTRI HILLU Í LÍFI OG STARFI“

Á eftir umfjöllun Sigurðar hélt Dr. Árelía Eydís Guðmundsdóttir dósent við Háskóla Íslands erindi undir yfirskriftinni „Á réttri hillu í lífi og starfi“ en fyrir ári síðan gaf Árelía út bókina „Á réttri hillu – Leiðin að meiri hamingju í lífi og starfi“. Árelía fjallaði um hvernig áhyggjur okkar væru ansi

smáar í samanburði við stærð heimsins. Mikilvægt væri að hlusta á innri rödd okkar og fylgja henni. Hver og einn ætti að reyna finna sína köllun í lífinu. Mikilvægt væri fyrir hvern og einn einstakling að finna hvar styrkleikar hans liggja til þess að verða eins góð útgáfa af okkur sjálfum og mögulegt væri. Árelía sagði að fólk sem starfaði við ástríðu sína væri í raun ekki í vinnu heldur hefði köllun. Þeir sem störfuðu við köllun sína lýstu gjarnan sjálfum sér sem heppnum. Árelía heldur úti heimasíðu <http://areliaeydis.com/> þar sem hægt er að nálgast frekari upplýsingar um störf hennar.

### NÝ HEIMASÍÐA FIE

Við lok ráðstefnunnar kynnti Hrefna Gunnarsdóttir formaður fræðslunefndar nýja heimasíðu FIE en unnið hefur verið að undirbúningi og uppsetningu hennar í vetur.

Átta íslensk  
fyrirtæki hafa  
skrifað undir  
Global Compact  
sáttmála  
Sameinuðu  
Þjóðanna um  
samfélagslega  
ábyrgð

Að mati  
framkvæmda-  
stjóra FLE standa  
endurskoðendur  
nú frammi fyrir  
umbreytingar-  
tímum

## MÁLSTOFA UM INNRI ENDURSKOÐUN

Þann 7. desember síðastliðinn stóð FIE fyrir málstofu í Turninum við Smáratorg í kjölfar haustráðstefnu FIE en fyrirlesari á haustráðstefnunni var Larry Hubbard. Umræðuefnin á málstofunni voru þrjú: Staðfestingarvinna og ráðgjöf—hvar liggja mörkin?, tilvist óáþreifanlegra eftirlitsþátta (e. Soft controls) og áhættumiðuð innri endurskoðun. Frummælendur voru Guðmundur I. Bergþórsson, framkvæmdarstjóri innri endurskoðunar Orkuveitu Reykjavíkur, Ágúst Hrafnkelsson, innri endurskoðandi Íslandsbanka og Auðbjörg Friðgeirsdóttir, verkefnisstjóri innri endurskoðunar á endurskoðunarsviði PwC. Eftirfarandi er umfjöllun þeirra um áður nefnd umræðuefni.

### STAÐFESTINGARVERKEFNI OG RÁÐGJAFARVERKEFNI – HVAR LIGGJA MÖRKIN?

#### e. Guðmund I. Bergþórsson

Verkefni í innri endurskoðun eru af tveimur gerðum; staðfestingarverkefni og ráðgjafarverkefni. Staðfestingarverkefni í innri endurskoðun gengur út á að meta gögn með hlutlægum hætti og draga ályktun um og gefa álit á stjórnarháttum, áhættustjórnun og eftirlitsferlum í viðfangsefninu sem til skoðunar er<sup>1</sup>. Í staðfestingarverkefni koma þrjú hagsmunaaðilar með beinum hætti að verkefninu; einstaklingar sem eiga viðfangsefnið (stjórnendur), framkvæmdaraðili (innri endurskoðandi) og notandi (stjórn fyrirtækis) en það er innri endurskoðandans að ákveða eiginleika og umfang staðfestingarverkefnis<sup>2</sup>.

Ráðgjafarverkefni í innri endurskoðun gengur meðal annars út á að veita verkeiðanda ráð, stuðning, leiðsögn eða þjálfun. Ráðgjafarverkefni er unnið að hluta til eftir beiðni viðtakanda ráðgjafarinnar og því mótast innihald vinnunnar af samkomulagi hagsmunaaðilanna sem eru tveir í ráðgjafarverkefni; framkvæmdaraðili (innri endurskoðandi) og viðtakandi (stjórnandi). Eins og í staðfestingarverkefni verður innri endurskoðandi þó að gæta sín á því að sinna vinnu sinni af hlutlægni og má ekki taka að sér stjórnunarlega ábyrgð í ráðgjöf sinni<sup>3</sup>.

Af framangreindu leiðir að staðfestingarverkefni og ráðgjafarverkefni eru ólík að þrennu leyti;

- (1) markmiðin eru ekki eins í þessum tegundum verkefna
- (2) ákvörðun um eðli og umfang í þessum tegundum verkefna eru ekki tekin af sömu aðilum og
- (3) hagsmunaaðilar eru ekki þeir sömu í staðfestingarverkefnum og ráðgjafarverkefnum<sup>4</sup>.

Þegar innri endurskoðendur skila stjórnendum og stjórn fyrirtækis niðurstöðum úr staðfestingarverkefni er algengt að þeir lýsi mögulegum áhrifum frávikanna í stjórnarháttum, áhættustjórnun eða eftirliti frá viðmiðunum sem notuð voru í verkefninu ásamt mögulegum tillögum til úrbóta. Þetta framlag innri endur-

skoðandans í staðfestingarverkefni veldur ekki eitt og sér að staðfestingarverkefni innihaldi ráðgjöf þannig að það teljist vera blanda af staðfestingarverkefni og ráðgjafarverkefni. Ástæðan er að frummarkmið staðfestingarverkefnis, ákvörðun um eðli og umfang þess og skilgreindir hagsmunaaðilar sem að verkefninu koma breytist ekki þó að innri endurskoðandi lýsi mögulegum áhrifum af frávikum í stjórnarháttum, áhættustjórnun eða eftirliti frá viðmiðunum sem notuð voru í staðfestingarverkefninu og mögulegum tillögum til úrbóta. Þegar innri endurskoðendur lýsa mögulegum áhrifum af frávikum í stjórnarháttum, áhættustjórnun eða eftirliti frá viðmiðunum sem notuð eru í staðfestingarverkefnum ásamt mögulegum tillögum til úrbóta, eru þeir fyrst og fremst að setja fram upplýsingar sem eru til þess fallnar að auka skilning viðtakenda á niðurstöðum í staðfestingarverkefni og auka virðið af vinnu sinni.

Ef að ætlunin er að ráðgjafarverkefni taki við í kjölfar staðfestingarverkefnis þarf því að gera grein fyrir markmiðum ráðgjafarverkefnisins,

Umræðuefnin á málstofunni voru þrjú

„staðfestingarverkefni og ráðgjafarverkefni eru ólík að þrennu leyti“

## FRAMHALD MÁLSTOFA UM INNRI ENDURSKOÐUN

skilgreina hverjir taka ákvörðun um eðli og umfang þess og skilgreina hagsmunaaðilana. Ef að þetta er ekki gert, telst innri endurskoðandinn ekki vinna ráðgjafaverkefni í kjölfar staðfestingarverkefnis og áætlun staðfestingarverkefnis gildir þar til verkefninu er lokið.

### Heimildir

<sup>1</sup>The Institute of Internal Auditors, 2011. International Professional Practice Framework. Altamonte Springs: The Institute of Internal Auditors, bls. 42.

<sup>2</sup>The Institute of Internal Auditors, 2011. International Professional Practice Framework. Altamonte Springs: The Institute of Internal

Auditors, bls. 13.

<sup>3</sup>The Institute of Internal Auditors, 2011. International Professional Practice Framework. Altamonte Springs: The Institute of Internal Auditors, bls. 13.

<sup>4</sup>Head, J. M., Reding, F. K., & Riddle, C. (2010, 2010). Blended Engagements. Internal Auditor , 42.

### HUGVEKJA Í FRÉTTABRÉF FIE

e. Ágúst Hrafnkelsson

*„There is no such thing as ‘soft controls’ ...“*

... sagði Larry.

Mér varð óneitanlega hugsað til stjórnulögfræðingsins Stellu Blómkvist þegar ég velti fyrir mér fullyrðingu Larry Hubbards á haustráðstefnu Félags um innri endurskoðun. Þessi speki hljómar líkt og spakmælin sem hún hefur eftir móður sinni í lok annars hvers kafla í glæpareyfurunum. Spakmælum sem fleygt er fram og klykkt út með „sagði mamma“ til að forða sjálfri sér frá því að hafa látið þetta útúr sér. Enda fór klišur um salinn og lá við uppboti í því horni sem ég sat í þegar Larry missti þessa speki útúr sér. Og kannski ekki í eina skiptið á ráðstefnunni. En þá er líka tilganginum náð – hrista svolítið slenið af mannskapnum.

Óróleikinn á haustráðstefnunni leiddi af sér þá skemmtilegu hugmynd að félagið boðaði til einskonar vinnufundar, þar sem félagsmönnum gæfist kostur á að ræða saman um nokkur af þeim atriðum sem fram komu hjá fyrirliesaranum. Eftir harða baráttu á undirbúningsfundi var mér úthlutað því verkefni að innleiða umræðuna um fullyrðingar Larrys um að það væri ekkert „mjúkt“ eftirlit til og studdi hann sig þar við COSO.

### Rétt eða röng fullyrðing hjá Larry Hubbard?

Það tók mig reyndar ekki langan tíma með aðstoð nútímatækni að finna andsvör við framsögu Larrys. Með aðstoð Google datt ég kylliflatur um skrif Jim Roths, meðal annars í mars útgáfu Tone at the Top<sup>1</sup> á síðasta ári. Og í skrifum hans lá andsvarið fyrir skírt og greinilega:

[...] eftirlitsmódelin COSO og

CoCo, sem settu fram fyrstu opinberu skilgreiningarnar á hvað innra eftirlit er, voru skrifuð á sama tíma og vald-efling starfsmanna var mjög að ryðja sér til rúms. Þess vegna leggja þessi módel áherslu á mikilvægi mjúkra eftirlitsþátta. Ef við ætlum að innleiða þessi módel í fyrirtækjum og stofnunum verðum við að telja þær tegundir eftirlitsþátta nauðsynlegar sem þær leggja áherslu á.<sup>2</sup>

Í leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja er beinlínis ætlast til að stjórn setji fram gildi og siðferðisviðmið sem starfsemin byggir á:

*Stjórnin ætti, í samráði við starfsmenn og aðra þá sem stjórn kys, að ákveða þau gildi og siðferðisviðmið sem starfsemi félagsins byggir á. Með því er félagið ekki einvörðungu að stuðla að heilbrigðara atvinnulífi og bættum samskiptum við hagsmunaaðila heldur jafnframt að treysta frekar*

„There is no such thing as soft controls“

„Það tók mig reyndar ekki langan tíma með aðstoð nútímatækni að finna andsvör við framsögu Larrys“

## FRAMHALD MÁLSTOFA UM INNRI ENDURSKOÐUN

rekstrargrundvöll sinn, með aukinni ásýnd trausts og trúverðugleika, bættri áhættuvitund, ánægðara starfsfólki og síðast en ekki síst aukinni samkeppnishæfni.

Það er stjórnarinnar að setja þessi viðmið, sem ættu að taka mið af starfsemi og starfsumhverfi félagsins[...]<sup>3</sup>

Í leiðbeinandi tilmælum Fjármálaeftirlitsins nr. 1/2002 segir einnig:

Stjórn og framkvæmdastjóri bera ábyrgð á að stuðla að góðu starfssiðferði og góðum starfsháttum innan

fyrirtækisins. Ennfremur að koma á starfsanda sem leggur áherslu á mikilvægi innra eftirlits. Starfsfólk þarf að hafa skilning á hlutverki sínu í innra eftirlitsferlinu og taka fullan þátt í því.<sup>4</sup>

Það ætti því að vera deginum ljósara að þótt „mjúku“ eftirlitsþættirnir séu ef til vill óáþreifanlegir, þá er langt frá því að þeir séu ekki til. Í raun eru þeir líklega mikilvægari en margt annað í heilbrigðum rekstri fyrirtækja, því vel skrifaðar reglur og vel hannaðar eftirlitsaðgerðir mega sín lítils eft starfsmönnum og stjórn-

endum er ekki innrætt mikilvægi þess að fylgja þeim og standa vörð um þær.

Í alþjóðlegri könnun á framkvæmd innri endurskoðunar árið 2010 („Common Body of Knowledge“) var meðal annars spurt hverjar væru helstu áherslur í störfum innri endurskoðunardeilda og jafnframt hver ætla mætti að yrðu helstu viðfangsefnin árið 2015. Ljóst er af svörunum að innri endurskoðendur horfa til þess að einbeita sér í mun ríkari mæli að „mjúku málunum“ í framtíðinni.

## Fimm algengustu áherslur 2010

1. Ferlaúttekt
2. Fylgni við lög og reglur
3. Fjármálaleg áhætta
4. Misferli og frávik
5. Eftirlitskerfi

## Eftir fimm ár (framtíðarsýn)

1. Stjórnarhættir
2. Áhættustýringarferli
3. Frammistaða m.v. stefnu
4. Siðferði
5. Samfélagsleg ábyrgð

Það er ekki úr vegi að enda þessa stuttu hugvekju á gamalli sögu úr golfinu – íþróttagein sem margir iðka nú til dags, en sem hefur því miður þurft að koma sér upp aganefnd til að takast á við þá sem ekki geta tileinkað

sér að fara að reglum.

Í golfi er fyrst og fremst treyst á heiðarleika keppenda. Bobby Jones tapaði US Open mótinu á einu höggi eftir að hafa sjálfur farið fram á að fá á sig víta-

högg þar sem hann hefði snert boltann. Enginn nema Bobby sjálfur sá snertinguna.

„Integrity is doing the right thing even when nobody is watching.“<sup>5</sup>

„Það ætti því að vera deginum ljósara að þótt „mjúku“ eftirlitsþættirnir séu ef til vill óáþreifanlegir, þá er langt frá því að þeir séu ekki til.“

„Integrity is doing the right thing even when nobody is watching.“

Bobby Jones

Fimm grundvallarreglur við mat á óáþreifanlegum eftirlitsþáttum<sup>6</sup>

1. Uppbyggilega ögrandi spurningar til stjórnenda — leita staðfestingar hjá starfsmönnum
2. Fá samþykki stjórnenda fyrir viðmiðum og gildi sönnunargagna („audit evidence“)
3. Styðjast eftir því sem hægt er við „beinharðar“ sannanir um virkni mjúkra eftirlitsþátta
4. Beina sjónum að undirliggjandi stjórnunarferlum
5. Þróa niðurstöður og skýrslugjöf í samstarfi við ábyrgðaraðila — nota viðeigandi (jafnvel óformlegar) leiðir við skýrslugjöf
6. Eftirlitskerfi

## FRAMHALD MÁLSTOFA UM INNRI ENDURSKOÐUN

### Heimildir

<sup>1</sup>*Tone at the Top* er fjórblöðungur gefinn út reglulega af alþjóðasamtökum innri endurskoðenda, The Institute of Internal Auditors. Útgáfan er sérstaklega ætluð til að koma gagnlegu efni á framfæri við æstu stjórnendur, stjórnarmenn og nefndarmenn endurskoðunarnefnda.

<sup>2</sup>Jim Roth í þýðingu undirritaðs.

<sup>3</sup>Leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja, útgefnar af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq OMX Iceland hf. og Samtökum atvinnulífsins, 4. útgáfa (gr. 2.10).

<sup>4</sup>Leiðbeinandi tilmæli FME nr. 1/2002.

<sup>5</sup>*Bobby Jones*.

<sup>6</sup>*Jim Roth: "Five Principles for Evaluating Soft Controls."* Nánari umfjöllun um mat á „mjúkum“ eða óáprei-

fanlegum eftirlitsþáttum er að finna í *Tone at the Top* frá því í mars 2011:

[HTTPS://  
GLOBAL.THEIIA.ORG  
/KNOWLEDGE/  
PUBLIC%  
20DOCUMENTS/  
TAT\\_MARCH\\_2011.  
PDF](https://global.theiia.org/knowledge/public%20documents/tat_march_2011.pdf)

### ÁHÆTTUMIÐUB INNRI ENDUR- SKOÐUN

#### e. Auðbjörgu Friðgeirsdóttur

Markmið þessarar greinar er að fara lauslega yfir þau atriði sem til umræðu voru í kjölfar ráðstefnu Larry D. Hubbard (Hubbard) um áhættumiðaða innri endurskoðun sem fram fór á haustmánuðum 2011 og nánar var fjallað um á umræði fundi FIE þann 7. desember 2011. Þar var nálgun Hubbard hugleidd og rædd út frá ýmsum sjónarmiðum.

Í framsetningu Hubbard á viðfangsefninu vakti athygli að staða innri endurskoðunar í skipuriti var óljós. Sú þrönga skilgreining kom á óvart í ljósi ákvæða í stöðlum (IPPF) en samkvæmt þeim skal yfirmaður innri endurskoðunar gefa skýrslu til þeirrar einingar innan fyrirtækis sem gerir innri endurskoðun kleift að

uppfylla skyldur sínar. Auk þess skal yfirmaður innri endurskoðunar staðfesta óhæði innri endurskoðunar við stjórn a.m.k. árlega og ætti að hafa bein samskipti við stjórn fyrirtækis.

Einnig þótti Hubbard fylgja ansi þröngri skilgreiningu á því hvernig skilja eigi á milli staðfestingarferlis og ráðgjafar og var það álit margra að virðisaukandi innri endurskoðun þyrfti að innhalda ákveðna ráðgjöf sem hluta af staðfestingarferli, svo lengi sem innri endurskoðandi er ekki kominn með stöðu framkvæmdaraðila fyrirtækis.

Nálgun Hubbard á áhættumiðaðri innri endurskoðun byggði á því að áhersla væri lögð á að skoða áhættu út frá eftirlitsaðgerðum en ekki öfugt. Í upphafi væri hönnun og skipulag eftirlits skoðað, síðan væri virkni eftirlitsaðgerða skoðuð. Því næst væri sú áhætta sem væri verið að

stýra skilgreind og um leið fundið út hvaða áhættu væri ekki verið að stýra. Í framhaldi af því væri afgangshætta (e. residual risk) skilgreind.

Grundvöllur aðferðar Hubbard á áhættumiðaðri innri endurskoðun er að leggja áherslu á að skoða og greina þá ferla sem stjórnendur telja að séu áhættusamastir. Hins vegar er óljóst hvort þessi nálgun nái til allra þeirra þátta sem innri endurskoðun tekur til þ.e.a.s. stjórnarháttá, áhættustýringar og innra eftirlits.

Samkvæmt skilgreiningu Hubbard á hugtakinu eftirlit (e. control) er eftirlit raunverulegt og ápreifanlegt gangverk (e. control is actual, tangible mechanism) en hennar telur að „soft control“ sé ekki til. Að mínu mati er þetta í mótsögn við það efni sem Hubbard var að kynna, þ.e.a.s. áhættumiðaða innri

„Í framsetningu Hubbard á viðfangsefninu vakti athygli að staða innri endurskoðunar í skipuriti var óljós“

## FRAMHALD MÁLSTOFA UM INNRI ENDURSKOÐUN

endurskoðun með áherslu á nálgun á innra eftirliti samkvæmt skilgreiningum COSO (The Committee of Sponsoring Organizations of the Treadway Commission).

Þó eftirlitsaðgerðir innri endurskoðunar byggji mestmegnis á hlutlægum þáttum þá verður aldrei hægt að horfa framhjá huglægum þáttum „soft controls“ svo sem við mat á eftirlitsumhverfinu og stjórnarháttum. Skoðun á eftirlitsumhverfinu eins og það er skilgreint samkvæmt COSO er að hluta til falin í „soft control“. Nánar er fjallað um „soft control“ í IIA: Tone at the Top<sup>1</sup> í mars 2011 og eru þar nefnd dæmi um „soft control“ eins og starfshæfni, þátt-

taka, traust og heiðarleiki.

Á heildina litið má segja að Hubbard hafi vakið umræður og viðbrögð hjá þátttakendum á ráðstefnunni. Hann setti fram innri endurskoðun verkferla á nokkuð „praktískan“ máta og kom með áhugaverða nálgun á áhættumiðaða innri endurskoðun.

Hann tengdi saman innri endurskoðun og COSO viðmið fyrir innra eftirlit en tók hins vegar takmarkað fyrir innri endurskoðun með vöktun stjórnenda. Horfa verður til mikilvægi þess að innra eftirlit sé metið frá öllum hliðum þess og vöktun skipar mikinn sess ásamt eftirlitsumhverfinu í því að innra eftirlitið sé virkt og

komi að gagni.

Eins og í öllum góðum fræðigreinum greinir mönnum á og burtséð frá þeim ágöllum sem segja megi að hafi verið á fyrirlestri Hubbard skyldi hann einnig eftir fjölda spurninga sem varð til þess að félagar í FIE settust niður og ræddu þessi mál. Það eitt og sér gefur jafn mikið og ef ekki meira en 2ja daga ráðstefna þar sem einn fyrirlesari setur fram sína sýn og nálgun á fræðunum.

„Á heildina litið má segja að Hubbard hafi vakið umræður og viðbrögð hjá þátttakendum á ráðstefnunni.“



Gestir á innri endurskoðunardegjum í mars 2012



Heimasíða félagsins er:

[www.fie.is](http://www.fie.is)



**Ábyrgðarmaður:**

Albert Ólafsson

Netfang: [fie@fie.is](mailto:fie@fie.is)

**Fræðslunefnd FIE**

Hrefna Gunnarsdóttir, formaður

Björn Snær Atlason

Guðjón V. Valdimarsson,

Ingunn Þórðardóttir,

Pórir Haraldsson

## PISTILL STJÓRNAR

Kæru félagar!

Starfsárið 2011-2012 er senn á enda og rétt að líta um öxl og skoða afraksturinn. Eins og gefur að skilja er vetrarstarfið jafnan öflugra en í annan tíma og hefur liðinn vetur verið einstaklega frjósamur. Fræðslustarf hefur verið öflugt og þátttaka félagsmanna með ein-dæmum góð. Stjórnin hefur haft margt á sinni könnu og stendur þar hæst undirbúningur og framkvæmd innri endurskoðunardagsins sem haldinn var með pomp og prakt þann 23. mars 2012. Dagurinn heppnaðist vel, þátttaka var góð og fyrirlestar afar áhugaverðir, fyrir það fá fyrirlesara okkar bestu þakkir. Þá má ekki vanmeta hinu dýrmætu frímínútur sem þátttakendur nýttu til skrafs og ráðagerðar enda er maður manns gaman og mikilvægt að félagar kynnist og hafi tíma og tók á því að skiptast á skoðunum.

Ný heimasíða var kynnt á

innri endurskoðunardeginum og eiga þau Albert Ólafsson, Björn Snær Atlason, Pórir Haraldsson, Guðjón Valdimarsson, Ingunn Þórðardóttir og Hrefna Gunnarsdóttir einstakar þakkir skyldar fyrir mikla og óeigingjarna vinnu við að koma þessu máli í höfn. Mun hin nýja heimasíða nýtast vel á komandi starfsári. Heimasíðan verður tæki félagsmanna til að fylgjast með og afla sér upplýsinga um starfsemi félagsins. Með sölu styrktarlína á heimasíðu hefur náðst að afla tekna sem standa að hluta til undir rekstri síðunnar.

Sumarið er framundan og síðasta verk starfsársins er að halda aðalfund félagsins. Fundurinn verður haldinn fimmtudaginn 24. maí nk. og hefur verið ákveðið að hafa eilítið breytt fyrirkomulag á fundinum þar sem hann mun hefjast kl. 15:00 og eftir hefðbundin aðalfundarstörf geta félagar tekið þátt í einstakri

Félag um innri endurskoðun er samstarfsvettvangur þeirra sem starfa við innri endurskoðun í fyrirtækjum og stofnunum.

Markmið félagsins er að efla innbyrðis tengsl og kynningu þeirra sem starfa við fagið, vera vettvangur til að styrkja fagleg vinnubrögð, styrkja þróun innri endurskoðunar og faglegra umræðu jafnframt því að vera leiðandi rödd stéttarinnar út á við.

Félagið er aðili að The Institute of Internal Auditors Inc. - ([www.theiia.org](http://www.theiia.org)) auk þess sem það tekur þátt í evrópsku og norrænu samstarfi á sínu sviði.

## FRAMPRÓUN MEÐ SAMSTARFI (PROGRESS THROUGH SHARING)

**Stjórn FIE:**



formaður:  
Anna Margrét  
Jóhannsdóttir



varaformaður:  
Albert Ólafsson



gjaldkeri:  
Páll Ólafson



ritari:  
Sif Einarsdóttir



meðstjórnandi:  
Auðbjörg  
Friðgeirsdóttir